

Norðurþing
Gaukur Hjartarson
Ketilsbraut 9
640Húsavík

Reykjavík 6. maí 2020
UST202004-083/A.B.
10.04.02

**Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Norðurþings 2010 - 2030 -
Heilbrigðisstofnanir á Húsavík**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings er barst 7. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010- 2030 vegna heilbrigðisstofnanna á Húsavík.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að þjónustusvæði Þ1 stækkar úr 3,2 ha í 3,5 ha og skerðist grænt svæði sem því nemur. Auk þess minnka íbúðarreitir Í2 og Í3 lítillega. Gert er ráð fyrir nýju hjúkrunarheimili á reitnum og áætlað er að það verði u.þ.b. 4000 m² að stærð með allt að 60 hjúkrunarrýmum.

Auk þess kemur fram að lögð sé áhersla á og gerð krafa um að nýbygging falli vel að nærumhverfi sínu og vinni vel með landslagi.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda breytingartillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur